

Staðfesting á skráningu fyrir nuddstofu

Heimilisfang
Brúnastaðir 4, 112 Reykjavík

Rekstraraðili
Leifur Guðjónsson
2310912039


ber að fylgja starfsskilyrðum sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan
atvinnurekstur sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

hefur eftirlit með starfseminni



Númer umsóknar 542663



R4K7QY71NH2Y



Reykjavík . 6. júní 2025.

Sértæk starfskilyrði fyrir færanlega nuddþjónustu

Skilyrðin kom til viðbótar starfsskilyrðum fyrir nuddstofu.

1. Gott aðgengi skal vera að handlaug nálægt eða í meðferðarrými. Handlaug skal ekki vera á annarri hæð en meðferðarrýmið.
2. Gerlaeyðir þarf að vera í meðferðarrými.
3. Handþvottur í handlaug og notkun gerlaeyðis skal vera á milli hvers viðskiptavinar.
4. Meðferðarrými skal vera loftræst á fullnægjandi hátt með opnanlegum glugga og/eða vélrænni loftræstingu.
5. Meðferðarrými skal vera afmarkað og veita næði. Ekki má sjást inn í meðferðarrýmið.
6. Meðferðarstól skal haldið hreinum við flutning á milli staða og geymdur á hreinum stað þegar hann er ekki í notkun.

STARFSSKILYRÐI FYRIR nuddstofu

Samræmd starfsskilyrði vegna hollustuhátta, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 8. gr. laga nr. /1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsskilyrði þessi gilda fyrir nuddstofu.	830/2022 Viðauki
1.2	Starfsskilyrðin gilda aðeins í húsnæði sem tilgreint er við skráningu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun húsnæðisins.	941/2002 14. gr.
1.3	Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu	830/2022, 3. gr.
1.4	Ef um annan skráningar- eða starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi skráningar- eða starfsleyfisskilyrði.	941/2002 13. gr. 830/2022 6. gr.
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum, reglum og almennum kröfum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsskilyrðum.	941/2002 3. og 14. gr. 830/2022 6. gr.
1.6	Staðfesting á skráningu skal vera sýnileg með áberandi hætti á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.7	Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrr en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr.
1.8	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022, 11. gr.

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.
2.1	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012
2.2	Fara skal eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar vegna öryggisþátta.	941/2002 14. gr.
2.3	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphlát.	941/2002 14. gr. 112/2012 6.12.6. gr.
2.4	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúðarhúsnæði.	941/2002 14. gr.
2.5	Húsnæðið skal vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.
2.6	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.
2.7	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14. gr. 536/2001
2.8	Gólf, veggir, loft og annar samsvarandi húsbúnaður skal vera gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.
2.9	Loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar á hverri hæð eða rekstrareiningu.	941/2002 14. gr.
2.10	Viðskiptavinir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla. Gerð salerna skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.	112/2012 6.8.4 gr. 941/2002 15. gr.
2.11	Fatahengi skal vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.	941/2002 14. gr.
2.12	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í eða í tengslum við vinnurými eftir því sem við á.	941/2002 43. gr.
2.13	Borð og þvottalaug skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og/eða fyrir meðhöndlun sterkra efna.	941/2002 43. gr.
2.14	Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal vera til staðar útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda.	941/2002 43. gr.
2.15	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við byggingarreglugerð. Vatnshiti á ekki að fara yfir 43°C á töppunarstað.	941/2002 14. gr. 112/2012 14.5.10 gr.

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrifu daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.
3.2	Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræstikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum. Nota skal hreinan búnað, ábreiður og hlífar við hvern viðskiptavin.	941/2002 43. gr.
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fenginni undanþágu frá ráðherra.	941/2002 19. gr.
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir. Um notkun rafretta fer samkvæmt lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.	Lög nr. 6/2002, lög nr. 87/2018. gr. 12.

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.
4.1	Ávallt skal hreinsa, sóttgreinsa og dauðgreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.
4.2	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðgreinsuð og þökkuð á viðurkenndan hátt.	941/2002 43. gr.
4.3	Hrein og sóttgreinsuð eða dauðgreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Nota skal einnota dauðgreinsuð áhöld og búnað þar sem því verður við komið.	941/2002 43. gr.
4.4	Ef upp kemur sjúkdómur eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist fyrirtækinu ber að tilkynna atvikið til heilbrigðisyfirvalda, þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.	941/2002 43. gr.

5. HÁVAÐI

		Rgl.nr.
5.1	Um hávaða gildir reglugerð um hávaða.	724/2008

6. MATVÆLI

		Rgl.nr.
6.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og	Lög nr. 93/1995

reglugerðum settum samkvæmt þeim.	
-----------------------------------	--

7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.
7.1	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	798/1999
7.2	Frágangur sorpíláta skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.
7.3	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	941/2002, 14. gr.
7.4	Oddhvössum hlutum, s.s. rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum þeirra skal koma til viðeigandi förgunar.	941/2002, 43. gr.
7.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003

8. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
8.1	<p>Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.</p> <p>Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu.</p> <p>Tíðni eftirlits skal byggð á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.</p> <p>Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.</p>	<p>941/2002, XVI. kafli,</p> <p>830/2022., 8. gr.</p> <p>lög nr. 7/1998, XIV. kafli.</p>
8.2	Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.	Lög nr. 7/1998, 62. gr.
8.3	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna starfseminnar.	941/2002, 9. gr.
8.4	Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.	

9. VALDSVIÐ, VIÐURLÖG OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

	Rgl.nr.
9.1 Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarræðum skv. XVIII. kafla reglugerðar nr. 941/2002 og XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum. Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfisstofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna.	941/2002, XVII. kafli Lög nr. 7/1998

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- reglugerð nr. 830/2002 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um, hollustuhætti og mengunarvarnir,
- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti,
- Reglugerð nr. 536/2011 um neysluvatn,
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
- Lög nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli,
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
- Reglugerð nr. 724/2088 um hávaða.

Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 og 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og ef við á sértæk starfsskilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.
1.1 Starfsskilyrði þessi eru almenn fyrir mengandi skráningarskyldan atvinnurekstur sbr. viðauka reglugerðar nr. 830/2022.	830/2022
1.2 Staðfest skráning ásamt starfsskilyrðum skulu vera sýnileg viðskiptavinum á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.3 Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé skráð, að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar og að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf, almennar kröfur og starfsskilyrði. Óheimilt er að hefja skráningarskylda starfsemi fyrir en skráningargjald hefur verið greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu á skráningu.	830/2022
1.4 Starfsemin gildir aðeins í því húsnæði eða aðstöðu sem tilgreint er í skráningunni. Starfsemin skal vera í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis eða aðstöðu.	830/2022, 4. gr.
1.5 Atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Sé deiliskipulag ekki til staðar skal starfsemin samræmast gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.	550/2018, 6. gr.
1.6 Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrir en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr.

2. STARFSHÆTTIR

	Rgl.nr.
2.1 Rekstraraðili skal beita góðum starfsháttum við rekstur starfseminnar. Á öllu athafnasvæði rekstraraðila skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.	737/2003
2.2 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum, og innra eftirliti. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.	830/2022
2.3 Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.	550/2018
2.4 Rekstraraðili skal eftir atvikum vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.	lög nr. 33/2004
2.5 Rekstraraðili sem flytur olú, eiturefni eða hættuleg efni eða stundar atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I laga nr. 33/2004 skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.	lög nr. 33/2004
2.6 Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða fyrir umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.	550/2018
2.7 Ef mengunaróhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.	550/2018

3. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.
3.1	<p>Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. Bifreiðum tækjum, lausamunum, úrgangi eða öðru sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila þannig að ekki valdi mengunar-, fok-, eða slyshættu. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun.</p> <p>Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa, viðgerða eða hreinsunar vegna vanhírðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki. Óviðkomandi aðgangur að vinnusvæði, geymslu hráefna og framleiðsluvöru skal vera takmarkaður og aðgangur óviðkomandi bannaður.</p>	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018
3.2	Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisnefndar.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999
3.3	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.	941/2002, nr. 737/2003, lög nr. 64/1994 og nr. 55/2013.
3.4	Afla ber samþykkis heilbrigðisnefndar fyrir staðsetningu olúgeyma.	884/2017, 6. gr.

4. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.
4.1	Takmarka skal hávaða frá starfseminni. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Þess skal gætt að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008
4.2	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengudu lofti. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Að jafnaði skal loftræsing leidd upp fyrir þakbrún frá mengunaruppsprettum. Komi upp vandamál vegna lyktar, mengandi efna eða hávaða frá útblæstri er	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.

<p>heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, hreinsunarbúnaði eða hávaðavörnum.</p>	
<p>4.3 Allt vatn skal vera í að minnsta kosti góðu ástandi og skulu vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum samkvæmt vatnaáætlun. Koma skal í veg fyrir að mengandi efni séu losuð út í vatn og umhverfi. Tryggja skal að umhverfismörk fyrir ástand vatns skv. fylgiskjali B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I í reglugerðar um varnir gegn mengun vatns séu uppfyllt.</p>	<p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, rgl. nr. 796/1999.</p>
<p>4.4 Iðnaðarskólp sem losað er í fráveitu sveitarfélags skal forhreinsað af mengandi efnum. Markmiðið skal vera að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar, • tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum, • tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun skólps verði ekki fyrir truflunum, • tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 796/1999 og • tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt. <p>Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.</p>	<p>798/1999 gr. 26 og C-liður I-viðauki. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I.</p>
<p>4.5 Iðnaðarskólp sem inniheldur lífræn efni skv. lista III í viðauka reglugerðar nr. 798/1999 og er losað í eigin fráveitu skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri, áður en því er veitt í viðtaka. Nema heilbrigðisnefnd kveði á um annað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp (þ.e. minni eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa). Annar atvinnurekstur skal fara eftir öðrum reglugerðum sem gilda um losun efna tiltekinna efna í vatn.</p> <p>Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Set eða útfellingar. • Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir). • Olía eða froða. • Sorp eða aðrir aðskotahlutir. • Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. <p>Leitast skal við að koma ofanvatni í annan farveg en fráveitu.</p>	<p>798/1999 7. gr. og 25. gr. 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I. Fylgiskjal 1A</p>
<p>4.6 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.</p>	<p>798/1999</p>

4.7	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni.	415/2014 og lög nr. 61/2013
4.8	Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olúúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Sé olía meðhöndluð skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017
4.9	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003
4.10	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olú og olúefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera aðgengileg og hún yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Starfsmenn skulu fá reglulega kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum.	884/2017
4.11	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni. Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun og viðeigandi heilbrigðisnefnd um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.	Lög nr. 55/2012

5. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
5.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003
5.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999, rgl. nr. 737/2003

5.3	<p>Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur atvinnuhúsnæðis. Með slíkan úrgang fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.</p> <p>Þar sem olía er notuð skulu vera tiltæk ísogsefni til að hreinsa upp tilfallandi olíuleka. Stærri ílát undir olíuefni (> 50 lítrar) skulu standa í lekabyttu.</p>	798/1999 5. gr. og rgl. nr. 884/2017
5.4	<p>Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum skal skilað til viðurkenndar söfnunar- eða móttökustöðvar. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.</p>	806/1999
5.5	<p>Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð og traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.</p>	806/1999
5.6	<p>Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til söfnunar, móttöku eða flutnings spilliefna.</p>	806/1999
5.7	<p>Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila, söfnunar- eða móttökustöðvar skal hann fá staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, uppruna spilliefna, gerð þeirra, og áfangastað ásamt upplýsingum um magn (kg, l) og dagsetningu. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit.</p>	806/1999 11. gr.
5.8	<p>Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er. Hreinsað skólp skal endurnýtt ef kostur er.</p>	798/1999 7. gr.

6. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
6.1	Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri, þ. á m. að starfsemi sé rétt skráð	830/2022
6.2	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsskilyrða, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfisstofnun um frávík þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna. Vakin er athygli á að viðkomandi heilbrigðisnefnd getur í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan.	550/2018, 830/2022 og lög nr. 7/1998

7. LOKUN OG FRÁGANGUR

		Rgl.nr.
7.1	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022
7.2	Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.	550/2018, rgl. nr. 737/2003, rgl. nr. 1400/2020
7.3	Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við heilbrigðisnefnd.	550/2018, rgl. nr. 737/2003, rgl. nr. 1400/2020

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og

efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.